

**Nd.** **273. Frumvarp til laga** [125. mál]

um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubýggingasjóð.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Pétur Ottesen.

1. gr.

Í stað „ kr. 500000.00“ í 2. gr. laganna komi: kr. 1000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Því var almennt fagnað, þegar lögini um Kirkjubýggingasjóð voru sett, ekki sízt er litið var til þeirra fyrirheita, sem þau gáfu um lánveitingar til kirkjubýgginga og til endurbóta kirkna, — eins og fram er tekið í 3. gr. þessara laga, — þar sem heitið er allt að 200 kr. á hvern rúmmetra í nýbyggingum og  $\frac{1}{2}$  kostnaðar af endurbótum. — Það kom þó þegar í ljós við fyrstu úthlutun lána úr sjóðnum, að umsóknir um þau voru svo margar og miklar, að enginn kostur var á að uppfylla þær að þessu marki með þeirri fjárveitingu, sem í 2. gr. laganna er ákveðin. Ákvað því stjórn sjóðsins við fyrstu úthlutun úr sjóðnum, að til að byrja með skyldi upphæð lána miðuð við aðeins helming þess, sem heimilað var í lögnum, og lánin veitt í tvennu lagi, hið fyrra, er kirkjan væri fókheld, og hið síðara, er hún væri fullgerð; og eftirstöðvar síðan eftir því, sem fé yrði fyrir hendi á næstu árum. En strax við næstu úthlutun kom í ljós, að jafnvel með þessu hafði verið of hátt stefnt. Og til að geta þá staðið nokkurn veginn við þau loforð, sem þannig voru gefin, varð að taka lán til sjóðsins, kr. 500000.00, sem prestakallasjóður veitti til bráðabirgða með ábyrgð ríkissjóðs. — Og þegar nú kemur til lánveitinga á þessu ári, stendur hagar sjóðsins eins og hér segir:

1. Eftirstöðvar lána þegar lofaðra .....	kr. 601000.00
2. Nýjar umsóknir um lán .....	— 454000.00
3. Afborganir og vaxtagreiðslur .....	— 232666.00

Kr. 1287666.00

Er af þessu ljóst, að mikið skortir á, að sjóðurinn geti að þessu sinni staðið undir að veita þá aðstoð, sem í lögnum er ákveðin. Mun það algert einsdæmi um fjárveitingar samkv. sérstakri löggjöf. Virðist því ekki um annað að ræða en að breyta lögnum nú þegar, annaðhvort á þann hátt að lækka stórlega ákvæðin um lánaaðstoð í 3. gr. laganna eða hækka framlögini samkv. 2. gr., eins og hér er lagt til. Mun það algert lágmark, ef nokkra leiðréttingu á þar á að gera.